

Alþingi
Erindi nr. P 136/546
komudagur 16.12.2008

Hjálagt eru athugasemdir frá ABS-fjölmíðlahúsi ehf

Athugasemdir varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., 218. mál.

Athugasemd við 4. grein.

Þar kemur fram í a-lið að auglýsingar á kjörtíma mega ekki vera lengur en 5% á klukkutíma eða samtals 9 mínútur á tímabilinu 19.00 til 22.00. Í b-lið kemur fram að hver auglýsingatími skal vera innan við 200 sekúndur.

Íslenskt efni dregur að jafnaði að sér flesta áhorfendur og þar vilja auglýsendur vera. Það þýðir að tækjur vegna auglýsinga hjálpa til við að framleiða íslenskt efni. Vinsælt íslenskt er fyrri part kvölds og ef tækjur eiga að hjálpa til við að veða á móti kostnaði þá verður að lengja það svigrúm sem hver auglýsingastími er þó að við höldum okkur við 5% á kjörtíma. Við leggjum til að einn auglýsingatími megi vera allt að 300 sekúndur í kringum íslenskt efni.

Við leggjum til að tímabilið frá 20. nóvember til 20. desember verði Ríkisútvarpið að vera með allt að 10% hlutfall auglýsinga á kjörtíma. Eftirspurn á auglýsingatímum er meira en framboð í dag þegar þrjár sjónvarpsstöðvar eru á markaðnum. Ef við erum einungis með 5% á kjörtíma þá geta fjársterkir aðilar keypt upp þessa lykiltíma (auglýsingahólf) og stjórnað hvaða auglýsingar verða birtar.

Ein undantekning frá öllum takmörkunum er gamlárskvöld. Við leggjum til að auglýsendur fái tækifæri til að birta sínar auglýsingar sem í flestum tilvikum eru áramótakveðjur án þess að fjársterkir aðilar kaupi upp auglýsingatímana. Hins vegar viljum við bannað auglýsingar inni í áramótaskaupi.

kveðja,

Guðmundur St. Maríusson